

## Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um innstæður í bönkum og sparisjóðum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hver var heildarfjárhæð innstæðna í eigu einstaklinga samkvæmt kafla 3.1 í skattframtali 2012? Svar óskast sundurliðað eftir fjölskyldumerkingum, flokkað eftir samanlögðum innstæðum þar sem fjöldi einstaklinga í hverjum flokki er tilgreindur og upphæðir settar fram á bilinu 0–15 millj. kr., á bilinu 15–200 millj. kr. hlaupandi á 10 millj. kr., á bilinu 200–500 millj. kr. hlaupandi á 50 millj. kr., á bilinu 500–1.000 millj. kr. hlaupandi á 100 millj. kr. og hlaupandi á 1.000 millj. kr. þar eftir.*

Spurt er hver var heildarfjárhæð innstæðna í eigu einstaklinga samkvæmt kafla 3.1 í skattframtali 2012 og beðið um sundurliðun eftir fjölskyldumerkingum og upphæð innstæðu. Í meðfylgjandi töflu er að finna umbeðnar upplýsingar. Framteljendur eru flokkaðir þannig að í sambúð teljast hjón, samsköttuð og sérsköttuð sambúð ásamt þeim sem misstu maka sinn á tekjuárinu. Sá hópur sem skilaði ófullkomnum framtölum (sk. handreiknaðir) er sýndur án tillits til fjölskylduforms. Fjöldatölur eiga við fjölda einstaklinga í hverjum flokki. Fjöldatölur eru ekki sýndar ef fjöldi einstaklinga í hverjum flokki er innan við 10. Miðað er við álagningarskrá ríkisskattstjóra við álagningu í júlí.

Upphæð in nistæðna í innlánsstofnunum í skattframtölum 2011 e ftir hjúskaparstöðu										
	Einhleypir		Einstæðir foreldrar		Sambúð		Ófullkom in framt öl		Samtals	
	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi
0	0	10.969	0	649	0	63.541	0	4.491	0	79.650
<15 m.kr.	103.149	91.454	6.385	10.962	135.386	60.551	11.761	12.261	256.682	175.228
15-25 m.kr.	21.906	1.144	630	34	41.500	2.171	3.062	162	67.098	3.511
25-35 m.kr.	13.167	447	380	13	27.332	928	1.529	52	42.408	1.440
35-45 m.kr.	7.871	199	305	*	16.660	422	1.113	29	25.949	658
45-55 m.kr.	5.589	112	293	*	13.345	268	548	11	19.775	397
55-65 m.kr.	4.850	82	118	*	9.695	163	604	10	15.266	257
65-75 m.kr.	2.695	39	70	*	7.034	101	491	*	10.290	148
75-85 m.kr.	2.626	33	79	*	5.955	75	482	*	9.142	115
85-95 m.kr.	2.222	25	95	*	4.402	49	358	*	7.076	79
95-105 m.kr.	2.180	22	0	0	3.577	36	200	*	5.958	60
105-115 m.kr.	754	*	0	0	2.423	22	0	0	3.177	29
115-125 m.kr.	833	*	0	0	1.806	15	0	0	2.639	22
125-135 m.kr.	649	*	0	0	2.476	19	128	*	3.253	25
135-145 m.kr.	427	*	0	0	1.818	13	0	0	2.244	16
145-155 m.kr.	153	*	0	0	1.348	*	0	0	1.500	10
155-165 m.kr.	319	*	0	0	638	*	163	*	1.120	*
165-175 m.kr.	1.191	*	0	0	1.865	11	0	0	3.056	18
175-185 m.kr.	542	*	0	0	2.163	12	539	*	3.244	18
185-200 m.kr.	190	*	0	0	1.143	*	0	0	1.333	*
200-250 m.kr.	1.474	*	0	0	3.172	14	631	*	5.278	24
250-300 m.kr.	1.095	*	0	0	2.146	*	0	0	3.241	12
300-350 m.kr.	1.236	*	0	0	1.976	*	0	0	3.212	10
350-400 m.kr.	0	0	0	0	1.496	*	0	0	1.496	*
400-450 m.kr.	0	0	0	0	1.256	*	0	0	1.256	*
450-500 m.kr.	459	*	0	0	978	*	0	0	1.437	*
500-600 m.kr.	2.688	*	0	0	594	*	0	0	3.281	*
700-800 m.kr.	0	0	0	0	1.523	*	790	*	2.313	*
>1000 m.kr.	0	0	0	0	5.987	*	0	0	5.987	*
	178.265	104.583	8.354	11.677	299.693	128.460	22.400	17.044	508.711	261.764
Fjöldatölur eiga við fjölda einstaklinga				Upphæðir eru í milljónum króna						
* Bkki eru birtar fjöldatölur þar sem færri en 10 eru í hverjum flokki										